

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



Reykjavík 2. mars 2016  
UST201602-219/R.B.  
04.04

**Umsögn: Þingsályktunartillaga um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi - 150. mál**


Umhverfisstofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunendar), dags. 22. febrúar 2016, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi.


Í tillögu til þingsályktunar kemur fram að Alþingi álykar að fela innaríkisráðherra að skipa starfshóp um áningarstað við Þjóðvegi sem geri tillögu um uppbyggingu, hlutverk og þróun áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi Íslandsins, m.a. með tilliti til salernisaðstöðu: Jafnframt að starfshópurinn meti hvort fjölga beri áningarstöðum Vegagerðarinnar.

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt sé að marka stefnu í málaflokkunum enda gæti slík stefna verið nýtt sem stýritæki fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu. Með því að bæta áningarstaði við Þjóðveginn eykst gæði þjónustu við ferðamenn og dregur úr neikvæðum áhrifum á svæðum sem þola lítinn ágang.

Umhverfisstofnun leggur til að skipun í starfshóp verði unnin í samráði við umhverfis-, ferðamála- og menningarminjafirvöld sem og stjórnstöð ferðamála.

Virðingarfyllt

  
Svava Pétursdóttir  
Sérfræðingur

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri